

BORGARRÁÐ 11.8.2016: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um breytingu á viðmiðum um skilgreiningu á fruminnherjum - R16080047

Framsókn og flugvallarvinir leggja fram þá tillögu við breytingu á viðmiðum um hverjir skuli vera skilgreindir sem innherjar hjá A-hluta Reykjavíkurborgar um að allir formenn, varaformenn og þeir sem sitja í nefndum og ráðum á vegum Reykjavíkurborgar án þess að vera borgarfulltrúar eða varamenn þeirra skulu skráðir sem fruminnherjar. Ljóst er að pottur er brotinn í þessum efnum þar sem hvorki formaður né nokkur annar í heilbrigðisnefnd né formaður eða aðalmenn í innkauparáði eru skráðir sem fruminnherjar hjá borginni. Áður en tillagan er tekin til afgreiðslu er óskað eftir afstöðu stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, fjármálaskrifstofu og borgarlögmanns á tillögunni.



Reykjavík, 24. október 2016
IE16080003

Málsnr.: 216080047
Skjalasafn Ráðhúss
24. okt. 2016
Bréfalykill: 120

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Umsögn um tillögu að breytingu á viðmiðum um skilgreiningu á fruminnherjum

Á fundi borgarráðs þann 11. ágúst sl. var lögð fram meðfylgjandi tillaga:

Framsókn og flugvallarvinir leggja fram þá tillögu við breytingu á viðmiðum um hverjir skuli vera skilgreindir sem innherjar hjá A-hluta Reykjavíkurborgar um að allir formenn, varaformenn og þeir sem sitja í nefndum og ráðum á vegum Reykjavíkurborgar án þess að vera borgarfulltrúar eða varamenn þeirra skulu skráðir sem fruminnherjar. Ljóst er að pottur er brotinn í þessum efnum þar sem hvorki formaður né nokkur annar í heilbrigðisnefnd né formaður eða aðalmenn í innkauparáði eru skráðir sem fruminnherjar hjá borginni. Áður en tillagan er tekin til afgreiðslu er óskað eftir afstöðu stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, fjármálaskrifstofu og borgarlögmans á tillögunni.

Umsögn:

Á lista yfir fruminnherja eiga þeir aðilar að vera sem hafa að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda fjármálagerninga, þ.e. Reykjavíkurborgar. Með innherjaupplýsingum er í þessu samhengi átt við nægilega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar en varða beint eða óbeint Reykjavíkurborg sem útgefanda fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru, sbr. 120. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik. Upplýsingar teljast opinberar þegar Reykjavíkurborg hefur birt almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu þær innherjaupplýsingar sem varða Reykjavíkurborg eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli, eins og nánar er kveðið á um í 11. gr. reglugerðar nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningaskyldu.

Í lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007 eru innherjaupplýsingar skilgreindar og hugtakið innherji skilgreint, sjá 120. og 121 gr.

Í 120. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti eru innherjaupplýsingar skilgreindar á eftirfarandi hátt.

„Með innherjaupplýsingum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð sem sett er skv. 131. gr.“

Í 121. gr. laga nr. 108/2007 segir að með hugtakinu innherji sé átt við:

1. fruminnherja, þ.e. aðila sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda fjármálagerninga,



Reykjavíkurborg

Innri endurskoðun

2. tímabundinn innherja, þ.e. aðila sem telst ekki fruminnherji en býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar, starfs síns, stöðu eða skyldna, og
3. annan innherja, þ.e. aðila sem hvorki telst fruminnherji né tímabundinn innherji en hefur fengið vitneskju um innherjaupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

Dæmi um innherjaupplýsingar, sem geta legið fyrir hjá Reykjavíkurborg, geta meðal annars verið vitneskja sem ekki hefur verið gerð opinber s.s. um skuldabréfaútböð Reykjavíkurborgar, um stöðu fjármála og afkomu Reykjavíkurborgar, um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar eða aðrar upplýsingar sem geta haft verðmyndandi áhrif á skuldabréf Reykjavíkurborgar á markaði.

Einstakir starfsmenn borgarinnar búa almennt ekki yfir verðmyndandi upplýsingum þótt þeir kunni að þekkja vel til reksturs og afkomu einstakra stofnana, skrifstofa eða fagsviða. Sama gildir um fulltrúa í ráðum og nefndum.

Það getur verið íþyngjandi fyrir einstakling að vera á innherjalista að því leyti að með því skapast sú kvöð á viðkomandi að yfirfara reglulega og tilkynna regluverði um hverir eru fjárhagslega tengdir honum í skilningi laganna. Því er óeðlilegt að setja aðila sem almennt er ekki með innherjaupplýsingar sem líklegar eru til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninga á innherjalista. Komi upp tilvik þar sem aðili fær tímabundinn aðgang að innherjaupplýsingum þá skal hann upplýsa regluvörð um slíkt sem setur hann á lista yfir tímabundna innherja.

Rétt er að benda á að ef aðili sem er ekki á innherjalista fær vitneskju um innherjaupplýsingar verður hann sjálfkrafa annar innherji, sbr. 3. tl. 121 gr. laga um verðbréfavíðskipti.

Þeir sem sitja sem fulltrúar í heilbrigðisnefnd eða innkauparáði búa almennt ekki yfir innherjaupplýsingum vegna setu í þessum nefndum. Er þannig ekki tekið undir með tillögu um „að allir formenn, varaformenn og þeir sem sitja í nefndum og ráðum á vegum Reykjavíkurborgar án þess að vera borgarfulltrúar eða varamenn þeirra skulu skráðir sem fruminnherjar“ eigi að vera á lista yfir fruminnherja með þeim rökum að á listanum eigi einungis að tilgreina einstaklinga sem geta búið yfir fjárhagsupplýsingum sem teljast innherjaupplýsingar í ofangreindri merkingu.

Virðingarfyllst

Gísli Hlíðberg Guðmundsson
borgarbókari

Hallur Símonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar



Umsögn

Efni: Tillaga um breytingu á viðmiðum um hverjir skulu skráðir innherjar hjá Reykjavíkurborg
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Á fundi borgarráðs þann 11. ágúst sl. var lögð fram meðfylgjandi tillaga:

Framsókn og flugvallarvinir leggja fram þá tillögu við breytingu á viðmiðum um hverjir skuli vera skilgreindir sem innherjar hjá A-hluta Reykjavíkurborgar um að allir formenn, varaformenn og þeir sem sitja í nefndum og ráðum á vegum Reykjavíkurborgar án þess að vera borgarfulltrúar eða varamenn þeirra skulu skráðir sem fruminnherjar. Ljóst er að pottur er brotinn í þessum efnum þar sem hvorki formaður né nokkur annar í heilbrigðisnefnd né formaður eða aðalmenn í innkauparáði eru skráðir sem fruminnherjar hjá borginni. Áður en tillagan er tekin til afgreiðslu er óskað eftir afstöðu stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, fjármálaskrifstofu og borgarlögmanns á tillögunni.

Óskað eftir umsögn fjármálaskrifstofu um tillöguna.

Umsögn:

Fjármálaskrifstofa hefur farið í gagnera skoðun á regluverkinu í kringum meðferð viðkvæmra fjárhagsupplýsinga hjá Reykjavíkurborg, sbr. fyrirleggjandi tillaga til borgarráðs um *reglur Reykjavíkurborgar um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga*. Í þessu sambandi var horft til leiðbeininga Fjármálaeftirlitsins til útgefanda verðbréfa á markaði og til reglna sem fjármála- og efnahagsmálaráðuneytið hefur sett um þetta efni en ríkið er stærsti útgefandi verðbréfa á íslenskum markaði. Mikilvægt er að vakta stöðugt meðferð innherjaupplýsinga hjá Reykjavíkurborg og viðhafa skilvirkt eftirlit og fræðslu með þeim enda eru miklir hagsmunir í húfi.

Eins og fram kemur í nefndri tillögu er gert ráð fyrir að á lista yfir fruminnherja verði þeir aðilar sem hafa að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda fjármálagerninga, þ.e. Reykjavíkurborgar. Með innherjaupplýsingum er í þessu samhengi átt við nægilega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar en varða beint eða óbeint Reykjavíkurborg sem útgefanda fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru, sbr. 120. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvið. Upplýsingar teljast opinberar þegar Reykjavíkurborg hefur birt almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu þær innherjaupplýsingar sem varða Reykjavíkurborg eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli, eins og nánar er kveðið á um í 11. gr. reglugerðar nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningaskyldu.

Dæmi um innherjaupplýsingar, sem geta legið fyrir hjá Reykjavíkurborg, geta meðal annars verið vitneskja sem ekki hefur verið gerð opinber s.s. um skuldabréfaútboð Reykjavíkurborgar, um stöðu



fjármála og afkomu Reykjavíkurborgar, um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar eða aðrar upplýsingar sem geta haft verðmyndandi áhrif á skuldabréf Reykjavíkurborgar á markaði.

Einstakir starfsmenn borgarinnar búa almennt alls ekki yfir verðmyndandi upplýsingum þótt þeir kunni að þekkja vel til reksturs og afkomu einstakra stofnana, skrifstofa eða minnstu sviðanna. Sama gildir um fulltrúa ráðum og nefndum. Það getur verið íþyngjandi fyrir einstakling að vera á innherjalista. Því er óeðlilegt að setja aðila sem almennt er ekki með innherjaupplýsingar sem líklegar eru til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninga á innherjalista. Komi upp tilvik þar sem aðili fær tímabundinn aðgang að innherjaupplýsingum þá skal hann settur á lista yfir tímabundinn innherja.

Rétt er að benda á að ef aðili sem er ekki á innherjalista fær vitneskju um innherjaupplýsingar verður hann sjálfkrafa annar innherji, sbr. 3. tl. 121 gr. laga um verðbréfavíðskipti.

Það er mat fjármálaskrifstofu að ekki sé þörf á því að ganga lengra en fyrirbyggjandi tillaga felur í sér varðandi þá sem skulu vera á lista yfir fruminnherja. Þannig er ljóst að þeir sem sitja sem fulltrúar í heilbrigðisnefnd eða innkauparáði búa ekki yfir innherjaupplýsingum vegna setu í þessum nefndum. Er þannig ekki tekið undir með tillöguflytjanda „að allir formenn, varaformenn og þeir sem sitja í nefndum og ráðum á vegum Reykjavíkurborgar án þess að vera borgarfulltrúar eða varamenn þeirra“ eigi að vera á lista yfir fruminnherja með þeim rökum að á listanum eigi einungis að tilgreina einstaklinga sem almennt búa yfir fjárhagsupplýsingum sem teljast innherjaupplýsingar í ofangreindri merkingu.

*Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri*

Borgarráð

Umsögn um tillögu að breytingu á viðmiðum um skilgreiningu á fruminnherjum.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð tekur undir umsögn fjármálaskrifstofu um tillögu framsóknar og flugvallarvinnar að breytingu á viðmiðum um skilgreiningu á fruminnherjum. Það sé íþyngjandi fyrir einstakling að vera á innherjalista en innherjum er gert að yfirfara reglulega og tilkynna regluverði um hverjir eru fjárhagslega tengdir honum í skilningi laganna. Það sé því rétt að fara gætilega í að skrá þá sem innherja sem ekki eru með innherjarupplýsingar sem líklegar eru til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerna. Stjórnkerfis- og lýðræðisráð tekur undir umsögn fjármálaskrifstofu þess efnis að komi upp tilvik þar sem aðili fær tímabundinn aðgang að innherjaupplýsingum þá skuli hann upplýsa regluverð um slíkt sem setur hann á lista yfir tímabundna innherja. Stjórnkerfis- og lýðræðisráð vill áréttta að það er skylda þess sem verður þess áskynja að hann eða einhver annar búi yfir innherjaupplýsingum að tilkynna regluverði sem metur hvort það gefi tilefni til að setja viðkomandi á (tímabundið) innherjalista. Ef að það er niðurstaða regluvarðar tilkynnir hann viðkomandi um það.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Hjálagt:

Umsögn fjármálaskrifstofu um tillögu að breytingu á viðmiðum um skilgreiningu á fruminnherjum dags. 24.10.2016